

Svar

velferðarráðherra við fyrirspurn Unnar Brár Konráðsdóttur um hjúkrunarrými.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver er áætluð þörf fyrir hjúkrunarrými á landinu öllu? Svar óskast sundurliðað eftir sveitarfélögum miðað við biðlista annars vegar og hins vegar áætlaða þörf miðað við íbúafjölda og aldurssamsetningu.*
2. *Hvaða áætlanir liggja fyrir um uppbyggingu hjúkrunarrýma á landinu, sundurliðað eftir sveitarfélögum?*
3. *Hver er fjöldi hjúkrunarrýma á landinu, sundurliðað eftir sveitarfélögum?*

Svar við 1. og 3. tölul. fyrirspurnarinnar:

Reiknuð vistunarþörf er skilgreind sem fjöldi íbúa á hjúkrunarheimili að viðbættum fjölda einstaklinga á biðlista sem bíða eftir að fá pláss á hjúkrunarheimili. Biðlisti eftir hjúkrunarrými er frá embætti landlæknis og er án þeirra einstaklinga sem eru með svokallað flutningsmat. Flutningsmat er fyrir íbúa sem búa í hjúkrunarrými eða dvalarrými en vilja flytja á önnur hjúkrunarheimili.

Miðað við framangreinda skilgreiningu er vistunarþörf fyrir hjúkrunarrými misjöfn eftir landsvæðum. Til að samræmi sé milli svæða, þá er vistunarþörf í meðfylgjandi töflu reiknuð út frá meðal vistunarþörf á öllu landinu. Þar sem vistunarþörf er reiknuð út frá meðaltali, þá myndast mismunur milli reiknaðrar vistunarþarfar og raunverulegs fjölda hjúkrunarrýma og biðlista.

Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir heildarfjölda landsmanna sundurliðað eftir fjölda 67 ára og eldri, 67–74 ára, 75–79 ára og 80 ára og eldri. Yfirlitið nær yfir allt landið, heilbrigðisumdæmi og sveitarfélög. Þar sem sveitarfélög eru lítil eru nokkur sveitarfélög tekin saman í svokölluðum upptökusvæðum sem tengjast sveitarfélagi með hjúkrunarheimili. Í hverju yfirliti er reiknuð fyrir svæðið vistunarþörf fyrir hjúkrunarrými, raunverulegur biðlisti og fjöldi hjúkrunarrýma fyrir árið 2012. Fjöldi geðrýma á Fellsenda í Dalasýslu hefur verið dreginn frá fjölda hjúkrunarrýma á því svæði en á Fellsenda eru 26 rými.

Svar við 2. tölul. fyrirspurnarinnar:

Framkvæmdaáætlun um byggingu nýrra hjúkrunarrýma nær bæði til þess að fjölga hjúkrunarrýmum og til þess að bæta aðbúnað íbúa á hjúkrunarheimilum. Ríkisstjórnin samþykkti 13. október 2009 að heimila félags- og tryggingamálaráðherra, í samstarfi við fjármálaráðherra, að leita eftir samstarfi við níu sveitarfélög um byggingu hjúkrunarheimila samkvæmt svokallaðri leiguleið. Það voru sveitarfélögin Akureyrarkaupstaður, Borgarbyggð, Fljótsdalshérað, Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Reykjanesbær, Mosfellsbær og Sel-tjarnarnes. Til viðbótar þessum sveitarfélögum bættust Ísafjarðarbær og Bolungarvík nýlega í þennan hóp. Nú er því gert ráð fyrir að 11 sveitarfélög byggi eða hafi nýlokið við að byggja hjúkrunarheimili samkvæmt leiguleiðinni. Staða framkvæmdanna er mismunandi eftir sveitarfélögum og ýmist er þar verið að fjölga hjúkrunarrýmum, þar sem þess er þörf, eða

fækka fjölbýlum og fjölga einbýlum í samræmi við viðmið ráðuneytisins um aðbúnað í hjúkrunarrýmum. Í viðmiðum ráðuneytisins eru gerðar miklar kröfur um gæði aðbúnaðar og ávallt miðað við að um einbýli sé að ræða.

Til viðbótar framkvæmdum samkvæmt þessari áætlun er einnig verið að byggja ný hjúkrunarheimili/-rými eða nýlokið við byggingu þeirra á Eskifirði og Höfða á Akranesi.

- *Akureyrarkaupstaður*. Haustið 2012 var vígt nýtt hjúkrunarheimili með 45 hjúkrunarrýmum. Um er að ræða bættan aðbúnað og uppbyggingu einbýla, en rýmum ekki fjölgað.
- *Borgarbyggð*. Sumarið 2012 var vígt nýtt hjúkrunarheimili með 32 hjúkrunarrýmum. Um er að ræða bættan aðbúnað og uppbyggingu einbýla en rýmum ekki fjölgað.
- *Fljótisdalshérað*. Búið er að undirrita samning um byggingu 30 hjúkrunarrýma og 10 til viðbótar samkvæmt sérstöku samkomulagi, alls 40 hjúkrunarrými. Þar eru núna 24 hjúkrunarrými þannig að um fjölgun hjúkrunarrýma verður að ræða. Áætlað er að rýmin verði tilbúin um mitt ár 2014.
- *Garðabær*. Verið er að byggja 60 rýma hjúkrunarheimili í Sjalandi. Áætlað er að byggingin verði tilbúin vorið 2013 og að þangað flytji íbúar hjúkrunarheimilisins sem nú er staðsett að Vífilsstöðum. Á Vífilsstöðum eru nú 40 rými svo um fjölgun rýma verður að ræða.
- *Hafnarfjörður*. Framkvæmdir þar eru enn á undirbúningsstigi en áætlað er að hjúkrunarrýmin á Sólvangi verði flutt í þetta nýja húsnæði þegar að því kemur. Á Sólvangi eru 55 hjúkrunarrými en á nýju heimili verða 60 rými þannig að um fjölgun verður að ræða.
- *Kópavogur*. Áætlað er að byggja 44 ný hjúkrunarrými að Boðarþingi og verður það viðbót við þau hjúkrunarrými sem fyrir eru. Ekki er komin tímasetning á þessa framkvæmd.
- *Reykjanesbær*. Bygging 60 rýma hjúkrunarheimilis er hafin. Það felur í sér fjölgun um 28 hjúkrunarrými til viðbótar við þau sem fyrir eru. Áætlað er að ný bygging verði tekin í notkun árið 2014.
- *Mosfellsbær*. Bygging 30 nýrra hjúkrunarrýma er langt komin. Þar er um viðbótarhjúkrunarrými að ræða. Áætlað er að opna nýtt hjúkrunarheimili í byrjun árs 2013.
- *Seltjarnarnes*. Áætlað er að byggja þar 30 ný hjúkrunarrými og er um viðbótarými að ræða. Ekki er komin tímasetning á þá framkvæmd.
- *Ísafjörður*. Búið er að undirrita samning um byggingu nýs hjúkrunarheimilis með 30 hjúkrunarrýmum. Hönnun væntanlegs hjúkrunarheimilis stendur yfir og mun hjúkrunarrýmum fjölga um fimm frá því sem nú er.
- *Bolungarvík*. Búið er að undirrita samning um byggingu nýs hjúkrunarheimilis þar og framkvæmdir eru hafnar. Um er að ræða bættan aðbúnað og uppbyggingu einbýla en rýmum verður ekki fjölgað.
- *Eskifjörður*. Verið er að byggja nýtt 20 rýma hjúkrunarheimili og munu þau rými koma í stað þeirra sem fyrir eru. Áætlað er að opna nýja hjúkrunarheimilið árið 2013.
- *Höfði*. Ný hjúkrunareining með níu rýmum var vígð haustið 2012. Um er að ræða fækkun fjölbýla og bættan aðbúnað.
- *Hjúkrunar- og dvalarheimilið Lundur á Hellu*. Í undirbúningi er að byggja átta rýma heilabilunardeild. Um er að ræða bættan aðbúnað og uppbyggingu einbýla en rýmum verður ekki fjölgað.
- Undirrituð hefur verið viljayfirlýsing um uppbyggingu húsnæðis Heilbrigðisstofnunar Vesturlands í Stykkishólmi. Um er að ræða bættan aðbúnað, uppbyggingu einbýla en rýmum verður ekki fjölgað.

Þessu til viðbótar er áætluð umfangsmikil uppbygging ríflega 200 hjúkrunarrýma á höfuðborgarsvæðinu, í samstarfi við sveitarfélögin, þar sem hvað brýnast er að fjölga rýmum. Ekki er komin tímasetning á þá framkvæmd.

Því má bæta við að árið 2010 voru tekin í notkun 110 ný viðbótarrými í Mörk við Suðurlandsbraut, 44 viðbótarrými í Boðarþingi í Kópavogi og árið 2011 tíu ný rými að Jaðri í Snæfellsbæ. Samtals er því um að ræða framkvæmdir og fyrirhugaðar framkvæmdir við ríflega 850 rými.

Í samræmi við þessa áætlun hefur mikil uppbygging átt sér stað og sérstök áhersla lögð á að bæta aðbúnað aldraðra. Í því felst að mikil áhersla hefur verið lögð á að taka úr notkun fjölbýli og byggja upp einbýli sem uppfylla viðmið ráðuneytisins um aðbúnað á hjúkrunarheimilum.

Mannfjöldi, vistunarþörf, fjöldi hjúkrunarrýma og biðlistar.

	Árið 2012
Allt landið	
Mannfjöldi samtals	319.575
67 ára og eldri	34.812
67 til 74 ára	15.878
75 til 79 ára	7.599
80 ára og eldri	11.335
Reiknuð vistunarþörf	2.686
Fjöldi hjúkrunarrýma	2.446
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	213
<small>*Fjöldi rýma er án 26 rýma á Fellsenda</small>	
Heilbrigðisumdæmi höfuðborgarsvæðisins	
Mannfjöldi samtals	202.878
67 ára og eldri	21.427
67 til 74 ára	9.642
75 til 79 ára	4.619
80 ára og eldri	7.166
Reiknuð vistunarþörf	1.597
Fjöldi hjúkrunarrýma	1.413
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	98
Heilbrigðisumdæmi Vesturlands	
Mannfjöldi samtals	17.596
67 ára og eldri	2.094
67 til 74 ára	957
75 til 79 ára	493
80 ára og eldri	644
Reiknuð vistunarþörf	172
Fjöldi hjúkrunarrýma	168
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	14

Árið 2012

Heilbrigðisumdæmi Vestfjarða

Mannfjöldi samtals	6.159
67 ára og eldri	752
67 til 74 ára	336
75 til 79 ára	180
80 ára og eldri	236
Reiknuð vistunarþörf	70
Fjöldi hjúkrunarrýma	49
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	13

Heilbrigðisumdæmi Norðurlands

Mannfjöldi samtals	35.336
67 ára og eldri	4.509
67 til 74 ára	2.005
75 til 79 ára	977
80 ára og eldri	1.527
Reiknuð vistunarþörf	360
Fjöldi hjúkrunarrýma	360
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	27

Heilbrigðisumdæmi Austurlands

Mannfjöldi samtals	10.294
67 ára og eldri	1.202
67 til 74 ára	573
75 til 79 ára	242
80 ára og eldri	388
Reiknuð vistunarþörf	114
Fjöldi hjúkrunarrýma	98
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	16

Heilbrigðisumdæmi Suðurlands

Mannfjöldi samtals	26.014
67 ára og eldri	3.066
67 til 74 ára	1.455
75 til 79 ára	694
80 ára og eldri	917
Reiknuð vistunarþörf	241
Fjöldi hjúkrunarrýma	244
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	21

Heilbrigðisumdæmi Suðurnesja

Mannfjöldi samtals	21.298
67 ára og eldri	1.761
67 til 74 ára	910
75 til 79 ára	393
80 ára og eldri	457

Árið 2012	
Reiknuð vistunarþörf	131
Fjöldi hjúkrunarrýma	114
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	25
Reykjavík	
Mannfjöldi samtals	119.140
67 ára og eldri	13.219
67 til 74 ára	5.575
75 til 79 ára	2.794
80 ára og eldri	4.851
Reiknuð vistunarþörf	1.131
Fjöldi hjúkrunarrýma	1.033
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	65
Kópavogur	
Mannfjöldi samtals	30.829
67 ára og eldri	3.304
67 til 74 ára	1.552
75 til 79 ára	774
80 ára og eldri	979
Reiknuð vistunarþörf	193
Fjöldi hjúkrunarrýma	128
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	16
Seltjarnarnes	
Mannfjöldi samtals	4.362
67 ára og eldri	556
67 til 74 ára	271
75 til 79 ára	130
80 ára og eldri	155
Reiknuð vistunarþörf	44
Fjöldi hjúkrunarrýma	0
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	3
Garðabær	
Mannfjöldi samtals	10.957
67 ára og eldri	1.373
67 til 74 ára	707
75 til 79 ára	329
80 ára og eldri	337
Reiknuð vistunarþörf	54
Fjöldi hjúkrunarrýma	39
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	4

Árið 2012

Hafnarfjörður

Mannfjöldi samtals	26.212
67 ára og eldri	2.260
67 til 74 ára	1.079
75 til 79 ára	466
80 ára og eldri	715
Reiknuð vistunarþörf	146
Fjöldi hjúkrunarrýma	213
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	7

Sveitarfélagið Álftanes

Mannfjöldi samtals	2.481
67 ára og eldri	127
67 til 74 ára	81
75 til 79 ára	25
80 ára og eldri	21
Reiknuð vistunarþörf	11
Fjöldi hjúkrunarrýma	0
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	0

Mosfellsbær

Mannfjöldi samtals	8.692
67 ára og eldri	569
67 til 74 ára	363
75 til 79 ára	96
80 ára og eldri	110
Reiknuð vistunarþörf	20
Fjöldi hjúkrunarrýma	0
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	4

Akranes og Hvalfjarðarsveit

Mannfjöldi samtals	7.229
67 ára og eldri	787
67 til 74 ára	354
75 til 79 ára	188
80 ára og eldri	245
Reiknuð vistunarþörf	62
Fjöldi hjúkrunarrýma	48
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	5

Borgarbyggð og Skorradalshreppur

Mannfjöldi samtals	3.576
67 ára og eldri	441
67 til 74 ára	199
75 til 79 ára	98
80 ára og eldri	144

Árið 2012	
Reiknuð vistunarþörf	44
Fjöldi hjúkrunarrýma	32
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	4
Grundarfjarðarbær	
Mannfjöldi samtals	909
67 ára og eldri	85
67 til 74 ára	37
75 til 79 ára	24
80 ára og eldri	24
Reiknuð vistunarþörf	7
Fjöldi hjúkrunarrýma	9
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	0
Stykkishólmur og Helgafellssveit	
Mannfjöldi samtals	1.166
67 ára og eldri	182
67 til 74 ára	85
75 til 79 ára	45
80 ára og eldri	52
Reiknuð vistunarþörf	13
Fjöldi hjúkrunarrýma	26
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	1
Snæfellsbær og Eyja- og Miklaholtshreppur	
Mannfjöldi samtals	1.862
67 ára og eldri	152
67 til 74 ára	77
75 til 79 ára	38
80 ára og eldri	37
Reiknuð vistunarþörf	9
Fjöldi hjúkrunarrýma	10
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	1
Dalabyggð	
Mannfjöldi samtals	692
67 ára og eldri	119
67 til 74 ára	57
75 til 79 ára	24
80 ára og eldri	37
Reiknuð vistunarþörf	10
Fjöldi hjúkrunarrýma	10
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	0

 Árið 2012

Reykholahreppur

Mannfjöldi samtals	281
67 ára og eldri	43
67 til 74 ára	21
75 til 79 ára	7
80 ára og eldri	15
Reiknuð vistunarþörf	4
Fjöldi hjúkrunarrýma	14
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	0

Strandabyggð, Árnes- og Kaldrananeshreppir

Mannfjöldi samtals	669
67 ára og eldri	99
67 til 74 ára	39
75 til 79 ára	30
80 ára og eldri	30
Reiknuð vistunarþörf	7
Fjöldi hjúkrunarrýma	10
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	2

Húnaþing vestra og Bæjarhreppur í**Strandasýslu**

Mannfjöldi samtals	1.212
67 ára og eldri	187
67 til 74 ára	87
75 til 79 ára	39
80 ára og eldri	61
Reiknuð vistunarþörf	16
Fjöldi hjúkrunarrýma	18
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	1

Bolungarvík

Mannfjöldi samtals	918
67 ára og eldri	108
67 til 74 ára	52
75 til 79 ára	23
80 ára og eldri	33
Reiknuð vistunarþörf	11
Fjöldi hjúkrunarrýma	13
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	5

Ísafjarðarbær og Súðavíkurhreppur

Mannfjöldi samtals	4.032
67 ára og eldri	502
67 til 74 ára	225
75 til 79 ára	119

	Árið 2012
80 ára og eldri	158
Reiknuð vistunarþörf	48
Fjöldi hjúkrunarrýma	25
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	8
Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur	
Mannfjöldi samtals	1.209
67 ára og eldri	142
67 til 74 ára	59
75 til 79 ára	38
80 ára og eldri	44
Reiknuð vistunarþörf	12
Fjöldi hjúkrunarrýma	11
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	0
Blönduósbær; Húnavatnshreppur, Skagabyggð og Sveitarfélagið Skagaströnd	
Mannfjöldi samtals	1.939
67 ára og eldri	275
67 til 74 ára	113
75 til 79 ára	63
80 ára og eldri	99
Reiknuð vistunarþörf	25
Fjöldi hjúkrunarrýma	27
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	1
Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur	
Mannfjöldi samtals	4.306
67 ára og eldri	600
67 til 74 ára	270
75 til 79 ára	124
80 ára og eldri	206
Reiknuð vistunarþörf	50
Fjöldi hjúkrunarrýma	41
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	4
Akureyri	
Mannfjöldi samtals	17.785
67 ára og eldri	2.030
67 til 74 ára	894
75 til 79 ára	435
80 ára og eldri	701
Reiknuð vistunarþörf	147
Fjöldi hjúkrunarrýma	175
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	14

 Árið 2012

**Akureyri, Hörgárbyggð, Arnarneshreppur,
Svalbarðstrandarhreppur, Eyjafjarðarsveit
og Grýtubakkahreppur**

Mannfjöldi samtals	22.110
67 ára og eldri	2.506
67 til 74 ára	1.127
75 til 79 ára	537
80 ára og eldri	843
Reiknuð vistunarþörf	187
Fjöldi hjúkrunarrýma	241
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	17

Dalvíkurbyggð

Mannfjöldi samtals	1.948
67 ára og eldri	237
67 til 74 ára	108
75 til 79 ára	51
80 ára og eldri	78
Reiknuð vistunarþörf	19
Fjöldi hjúkrunarrýma	24
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	2

Fjallabyggð

Mannfjöldi samtals	2.064
67 ára og eldri	390
67 til 74 ára	183
75 til 79 ára	78
80 ára og eldri	129
Reiknuð vistunarþörf	33
Fjöldi hjúkrunarrýma	38
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	2

**Norðurþing, Skútustaðahreppur, Tjörneshreppur,
Þingeyjarsveit, Svalbarðshreppur**

Mannfjöldi samtals	4.297
67 ára og eldri	668
67 til 74 ára	276
75 til 79 ára	160
80 ára og eldri	231
Reiknuð vistunarþörf	60
Fjöldi hjúkrunarrýma	40
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	4

 Árið 2012

Langanesbyggð og Svalbarðshreppur

Mannfjöldi samtals	620
67 ára og eldri	71
67 til 74 ára	35
75 til 79 ára	15
80 ára og eldri	21
Reiknuð vistunarþörf	5
Fjöldi hjúkrunarrýma	11
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	0

Seyðisfjörður

Mannfjöldi samtals	686
67 ára og eldri	113
67 til 74 ára	63
75 til 79 ára	25
80 ára og eldri	26
Reiknuð vistunarþörf	9
Fjöldi hjúkrunarrýma	18
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	0

Fjarðabyggð og Breiðdalshreppur

Mannfjöldi samtals	4.822
67 ára og eldri	519
67 til 74 ára	251
75 til 79 ára	96
80 ára og eldri	172
Reiknuð vistunarþörf	46
Fjöldi hjúkrunarrýma	46
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	8

Vopnafjarðarhreppur

Mannfjöldi samtals	678
67 ára og eldri	119
67 til 74 ára	43
75 til 79 ára	30
80 ára og eldri	46
Reiknuð vistunarþörf	10
Fjöldi hjúkrunarrýma	11
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	1

**Fljótsdalshérað, Fljótdalshreppur, Djúpa-
vogshreppur og Borgarfjarðarhreppur**

Mannfjöldi samtals	4.108
67 ára og eldri	451
67 til 74 ára	217
75 til 79 ára	91

Árið 2012	
80 ára og eldri	144
Reiknuð vistunarþörf	50
Fjöldi hjúkrunarrýma	23
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	8
Sveitarfélagið Hornafjörður	
Mannfjöldi samtals	2.123
67 ára og eldri	247
67 til 74 ára	96
75 til 79 ára	59
80 ára og eldri	92
Reiknuð vistunarþörf	19
Fjöldi hjúkrunarrýma	22
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	1
Vestmannaeyjar	
Mannfjöldi samtals	4.167
67 ára og eldri	488
67 til 74 ára	256
75 til 79 ára	103
80 ára og eldri	129
Reiknuð vistunarþörf	29
Fjöldi hjúkrunarrýma	36
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	4
Sveitarfélagið Árborg, Hrunamanna- hreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Bláskóga- byggð og Flóahreppur	
Mannfjöldi samtals	11.073
67 ára og eldri	1.227
67 til 74 ára	578
75 til 79 ára	282
80 ára og eldri	366
Reiknuð vistunarþörf	101
Fjöldi hjúkrunarrýma	85
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	9
Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur	
Mannfjöldi samtals	930
67 ára og eldri	176
67 til 74 ára	76
75 til 79 ára	34
80 ára og eldri	66

Árið 2012	
Reiknuð vistunarþörf	17
Fjöldi hjúkrunarrýma	27
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	1
Rangárþing eystra	
Mannfjöldi samtals	1.753
67 ára og eldri	225
67 til 74 ára	108
75 til 79 ára	46
80 ára og eldri	72
Reiknuð vistunarþörf	18
Fjöldi hjúkrunarrýma	16
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	2
Rangárþing ytra og Ásahreppur	
Mannfjöldi samtals	1.729
67 ára og eldri	201
67 til 74 ára	98
75 til 79 ára	18
80 ára og eldri	84
Reiknuð vistunarþörf	18
Fjöldi hjúkrunarrýma	27
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	0
Hveragerði	
Mannfjöldi samtals	2.306
67 ára og eldri	336
67 til 74 ára	146
75 til 79 ára	84
80 ára og eldri	106
Reiknuð vistunarþörf	27
Fjöldi hjúkrunarrýma	31
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	3
Sveitarfélagið Ölfus	
Mannfjöldi samtals	1.932
67 ára og eldri	167
67 til 74 ára	98
75 til 79 ára	39
80 ára og eldri	29
Reiknuð vistunarþörf	13
Fjöldi hjúkrunarrýma	0
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	2

 Árið 2012

Reykjanesbær, Sandgerði, Sveitarfélagið**Garður og Sveitarfélagið Vogar**

Mannfjöldi samtals	18.458
67 ára og eldri	1.541
67 til 74 ára	789
75 til 79 ára	340
80 ára og eldri	412
Reiknuð vistunarþörf	117
Fjöldi hjúkrunarrýma	89
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	23

Grindavíkurbær

Mannfjöldi samtals	2.840
67 ára og eldri	220
67 til 74 ára	121
75 til 79 ára	53
80 ára og eldri	46
Reiknuð vistunarþörf	14
Fjöldi hjúkrunarrýma	25
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	2
